



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Bjarni Reykjalín <bjarni@thingeyjarsveit.is>
Re: Reykjahlíð - Skipulags- og matslýsing
Sent: 11.08.2017 15:06:53 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017070005, Bréfalyklar: 42-2
um matsskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2017070005

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst, dags. 6. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Gert er ráð fyrir að hluta athafnasvæðis 117-A verði breytt í iðnaðarsvæði fyrir skólphreinsistöð við Sniðilsveg vestan Múlavegar í Reykjahlíð. Jafnframt verður deiliskipulagi breytt í samræmi við fyrrgreint. Beðist er velvirðingar á því hve erindinu er svarað seint en það stafar af sumarleyfum starfsmanna.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og telur að skipulags- og matslýsingin taki á flestum þeim náttúrufarsþáttum sem þarf að skoða varðandi framangreinda skipulagsbreytingu á því svæði sem um er að ræða. Náttúrufræðistofnun bendir á að í lýsingu á svæðinu í kafla 3.2 er lýst hvaða vistgerðir þar er að finna og er ánægjulegt að sjá að höfundar lýsingarinnar hafa notfært sér útgáfu nýrra vistgerðakorta. Í kafla 5.1. eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem verða skoðaðir í umhverfismati en þar er ekki að finna lífríki t.d. gróðurfar/vistgerðir. Eðlilegt og sanngjarnt er að einnig sé fjallað um lífríki svæðisins hvort sem svæði er talið mikilvægt líffræðilega eða ekki eða áhrif af breytingunni mikil eða lítil enda mun umfang umfjöllunarinnar vera í samræmi náttúrufar svæðisins. Hafa má hliðsjón af 2. gr. laga um náttúruvernd við umfjöllunina svipað og fyrir jarðmyndanir skv. 3. gr. sömu laga í tengslum við 61. gr. laganna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við erindið og fagnar því ef ráðist verður í að gerð nýrrar fullkominnar skólphreinsistöðvar í Mývatnssveit enda mikið undir eins og öllum er kunnugt.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Bjarni Reykjalín <bjarni@thingeyjarsveit.is>

Dags: 06.07.2017 08:38:32

Til: "skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is" <skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Rúnar Leifsson <runar@minjastofnun.is>, "ghg@vegagerdin.is" <ghg@vegagerdin.is>, Þorkell Björnsson (oggi@akureyri.is) <oggi@akureyri.is>, 'Þorkell Lindberg Þórarinsson' <lindi@nna.is>, "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, Ólafur Þröstur Stefánsson <olimyvafn@gmail.com>

cc: Kristín S. Jónsdóttir <kristins@umhverfisstofnun.is>, Magnús Björnsson <magnus.bjornsson@vegagerdin.is>, "nia@ni.is" <nia@ni.is>

Efni: Reykjahlíð - Skipulags- og matslýsing



Auglýsing um skipulag í Reykjahlíð

Skipulags- og matslýsing

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áformar breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að gert verði ráð fyrir skólphreinsistöð við Sniðilsveg vestan Múlavegar í Reykjahlíð. Svæðið er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem athafnasvæði og er deiliskipulag frá 2014 í samræmi við það. Breytingin felst í því að vestasta hluta athafnasvæðis 117-A verður breytt í iðnaðarsvæði. Jafnframt verður deiliskipulagi breytt og ný iðnaðarlóð skilgreind við Sniðilsveg.

Skipulags- og matslýsing eru hér með sendar umsagnaraðilum til umsagnar og/eða athugasemda skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdar/umsagnarfrestur er til og með 27. júlí n.k.

Skipulags- og matslýsing eru sendar til eftirtalinna aðila og stofnana:

- Skipulagsstofnun
 - Umhverfisstofnun
 - Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Norðausturlandi
 - Vegagerðin
 - Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
 - Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
-
- Fjöregg
 - Ramý
 - Náttúrufræðistofnun Íslands

Bjarni Reykjalín

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: bjarni@thingeyjarsveit.is



- image001.png



- oledata.mso



- Skipulagslýsing vegna hreinsistöðvar auglýsing.docx



- Skipulagslýsing vegna hreinsistöðvar auglýsing.docx